SUÐURNESJABÆR

Suðurnesjabæ, 5. janúar 2023
*2212034 JKH*

00.74

Matvælaráðuneytið
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Efni: Byggðakvóti fiskveiðiársins 2022-2023.

Á 54. fundi bæjarstjórnar Suðurnesjabæjar þann 4. janúar 2023 var fjallað um erindi frá ráðuneytinu varðandi úthlutun byggðakvóta til byggðarlaganna Sandgerðis og Garðs. Jafnframt um leiðbeiningar um sérreglur um úthlutun byggðakvóta.

Meðfylgjandi bréfi þessu fylgir útfyllt eyðublað með tillögu um sérreglu fyrir byggðarlagið Garð sem bæjarstjórn samþykkti. Einnig fylgir fundargerð fundar bæjarstjórnar, þar sem fram kemur afgreiðsla bæjarstjórnar á málinu.

Eins og fram kemur í gögnunum, þá er óskað eftir þessari sérreglu þar sem ekki er löndunarhöfn í byggðarlaginu Garði og því hafa fiskiskip sem skráð eru í byggðarlaginu Garði möguleika á úthlutun byggðakvóta en landi aflanum í sveitarfélaginu.

Virðingarfyllst

SUÐURNESJABÆR BÆJARSTJÓRI

Magnús Stefánsson
Bæjarstjóri

| **Eyðublað matvælaráðuneytis vegna tillögu sveitarstjórnar að sérstökum skilyrðum fyrir úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2022/2023**<br><br>Til útfyllingar fyrir þau sveitarfélög sem óska eftir að senda inn tillögu að sérstökum skilyrðum.<br><br>Ef sveitarfélög óska ekki eftir að sérstök skilyrði verði sett þá er mælst til þess að matvælaráðuneytinu verði send yfirlýsing þess efnis. | |
|---|---|
| **Sveitarfélag:** | Suðurnesjabær |
| **Tillaga varðar hluteigandi byggðarlag/byggðarlög:** | Byggðarlagið Garður í Suðurnesjabæ |
| **Dagsetning staðfestingar sveitarstjórnar á tillögu:** | Samþykkt á 54. fundi bæjarstjórnar Suðurnesjabæjar þann 4. janúar 2023. |
| **Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)** | |
| **Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)** | |
| **Rökstuðningur varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)** | |
| **Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)** | |
| **Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)** | a) Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr 1370/2022 verði:<br>Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðarkvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2. – 3. gr., eftir því sem við á og skal skipt hlutfallslega af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1. september 2021 til 31. ágúst 2022. |
| **Rökstuðningur varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)** | Ekki er löndunarhöfn í Garði og því hafa fiskiskip skráð í Garði ekki getað landað sínum afla í heimahöfn í Garði. Með breytingunni verða tryggðir hagsmunir byggðarlagsins um að skip skráð í Garði geti landað afla til vinnslu í byggðarlaginu. |
| **Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)** | |
| **Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)** | b) Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 1370/2022 breytist og verður:<br>Fiskiskipum er skylt að landa innan sveitarfélagsins þeim afla sem telja á til byggðakvóta Garðs og til vinnslu innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1. september 2022 til 31. ágúst 2023. |
| **Rökstuðningur varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)** | Þar sem ekki er löndunarhöfn í Garði geta fiskiskip skráð í Garði ekki landað afla í heimahöfn í Garði. Með þessari breytingu geta fiskiskip í Garði átt kost á úthlutun byggðakvóta gegn því að aflanum sé landað í sveitarfélaginu og til vinnslu í sveitarfélaginu. |
| Tillögur sveitarstjórnar sendist rafrænt til matvælaráðuneytis á tölupóstfangið mar@mar.is. | |

**Fundargerð 54. fundar**
**Bæjarstjórnar**
**haldinn í Ráðhúsinu í Garði,**
**miðvikudaginn 4. janúar 2023 , kl. 17:30.**

**Fundinn sátu:**
Einar Jón Pálsson, Magnús Sigfús Magnússon, Oddný Kristrún Ásgeirsdóttir, Anton Kristinn Guðmundsson, Úrsúla María Guðjónsdóttir, Jónína Magnúsdóttir, Laufey Erlendsdóttir, Sigursveinn Bjarni Jónsson, Elín Frímannsdóttir, Magnús Stefánsson og Bergný Jóna Sævarsdóttir.

**Fundargerð ritaði: Bergný Jóna Sævarsdóttir**, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs.
Áður en gengið er til dagskrár var eftirfarandi bókun lögð fram:

Óvenju erfið skilyrði hafa verið að undanförnu vegna vetrarveðurs og mikilla snjóalaga í Suðurnesjabæ sem hefur valdið miklu álagi og vinnu hjá mörgum. Bæjarstjórn þakkar starfsmönnum Suðurnesjabæjar og verktökum fyrir vel unnin verk við snjómokstur og hreinsun gatna og svæða. Jafnframt þakkar bæjarstjórn íbúum fyrir þolinmæði og gott samstarf við krefjandi aðstæður.

1. **Fjárhagsáætlun 2022 - viðaukar - 2204038**

   Á 110. fundi bæjarráðs var samþykkt samhljóða að vísa viðauka 6 til staðfestingar í bæjarstjórn.

   *Afgreiðsla:*

   *Viðauki 6 samþykktur samhljóða.*

2. **Skrá yfir störf sem verkfall nær ekki til - 2110071**

   Á 110. fundi bæjarráðs var listi um störf Suðurnesjabæjar sem undanþegin eru verkfallsboðun samþykktur samhljóða.

   *Afgreiðsla:*

   *Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.*

3. **Úrgangsflokkun heimila - 2212040**

   Á 110. fundi bæjarráðs voru tillögur frá Kölku sorpeyðingarstöð Suðurnesja, varðandi breytt fyrirkomulag á söfnun úrgangs frá heimilum samþykktar samhljóða.

   *Til máls tóku: EJP, SBJ, MS og LE.*

   *Afgreiðsla:*

   *Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.*

4. **Byggðakvóti fiskveiðiárið 2022-2023 - 2212034**

Erindi frá matvælaráðuneytinu dags. 12. desember 2022, þar sem tilkynnt er um úthlutun byggðakvóta. Úthlutað er 89 þorskígildum til byggðarlagsins Garðs og 65 þorskígildistonnum til byggðarlagsins Sandgerðis.

*Til máls tóku: MS og EJP.*

*Afgreiðsla:*

*Samþykkt samhljóða að óska eftir við matvælaráðuneytið að ákvæði reglugerðar nr. 1370/2022 gildi um úthlutun byggðakvóta byggðarlagsins Garðs með breytingum skv. eftirfarandi:*

*a) Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr 1370/2022 verði:*
*Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðarkvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2. ? 3. gr., eftir því sem við á og skal skipt hlutfallslega af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1. september 2021 til 31. ágúst 2022.*

*b) Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 1370/2022 breytist og verður:*
*Fiskiskipum er skylt að landa innan sveitarfélagsins þeim afla sem telja á til byggðakvóta Garðs og til vinnslu innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1. september 2022 til 31. ágúst 2023.*

**5. Forkaupsréttur fiskiskipa - 1903011**

Erindi varðandi sölu fiskiskipsins Árdísar GK027, sem selst án allra veiðiheimilda. Suðurnesjabæ er boðið að neyta forkaupsréttar skv. 3. mgr. 12. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006.

*Afgreiðsla:*

*Samþykkt samhljóða að Suðurnesjabær fellur frá forkaupsrétti á fiskiskipinu Árdísi GK027.*

**6. Stefnumótun um dagvistun barna í Suðurnesjabæ - 2211013**

Lögð fram áfangaskýrsla nr. 1 dags. 21.12.2022 frá stýrihópi um stefnumótun um dagvistun barna í Suðurnesjabæ.

*Til máls tóku: JM, SBJ, MS, EJP og EF.*

*Afgreiðsla:*

*Lagt fram.*

**7. Nátthagi-ályktun íbúa - 2212059**

Erindi frá íbúum í frístundabyggðinni Nátthaga, varðandi búsetu og lögheimili.

*Til máls tóku: MS, SBJ, JM og EJP.*

*Afgreiðsla:*

*Samþykkt samhljóða að vísa skipulagshluta erindisins til vinnslu aðalskipulags og bæjarstjóra falið að láta vinna upplýsingar og greinargerð til bæjarráðs um málið, er varðar lögheimilisskráningu.*

**8. Samþykkt um stjórn Suðurnesjabæjar - 2205090**

Drög að viðauka við samþykkt um stjórn Suðurnesjabæjar um fullnaðarafgreiðslu mála hjá Barnaverndarþjónustu Suðurnesjabæjar - fyrri umræða.

*Til máls tók: MS*

*Afgreiðsla:*

*Samþykkt samhljóða að vísa málinu til síðari umræðu og frekari úrvinnslu.*

**9. Sýslumaðurinn á Suðurnesjum umsagnarbeiðni um rekstrarleyfi til sölu gistingar í flokki IV-Gauksstaðir - 2210003**

Erindi frá sýslumanni þar sem óskað er eftir umsögn sveitarfélagsins vegna umsóknar um rekstrarleyfi til sölu gistingar í flokki IV - Gauksstaðir.

*Afgreiðsla:*

*Samþykkt samhljóða að afgreiðslutími og staðsetning staðar sem umsókn lýtur að er innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins segir til um.*

**10. Bæjarráð - 110 - 2212001F**

Fundur dags. 14.12.2022.

*Til máls tóku: JM og MS.*

*Afgreiðsla:*

*Lagt fram.*

10.1 2010012 - Málaflokkur fylgdarlausra barna

10.2 1909037 - Stuðningsþjónusta

10.3 2204038 - Fjárhagsáætlun 2022 - viðaukar

10.4 2204043 - Rekstraryfirlit 2022

10.5 2206013 - Fjárhagsáætlun 2023-2026

10.6 2210070 - Stafræn smiðja á Suðurnesjum Fab-Lab

10.7 2110071 - Skrá yfir störf sem verkfall nær ekki til

10.8 2212040 - Úrgangsflokkun heimila

**11. Framkvæmda- og skipulagsráð - 40 - 2211027F**

Fundur dags. 15.12.2022.

*Til máls tóku: JM, LE, MS, EJP og AKG.*

*Afgreiðsla:*

*Lagt fram.*

11.1 2209020 - Deiliskipulag og aðalskipulagsbreyting Gauksstöðum

11.2 2211112 - Aðalskipulag Reykjanesbæjar - Breyting - Stækkun iðnaðarsvæðis I5 - fiskeldi

11.3 2212003 - Brimklöpp 11 - umsókn um lóð

11.4 2211097 - Breiðhóll 5 - umsókn um lóð

11.5 2211004 - Hafnargata 6 - Umsókn um lóð

11.6 2212029 - Iðngarðar 25 - umsókn um lóð

11.7 2212031 - Iðngarðar 27 - umsókn um lóð

11.8 2211147 - Gerðavegur 20b - umsókn um stöðuleyfi

11.9 2211081 - Skagabraut 56 - Fyrirspurn um gestahús á lóð

11.10 2211111 - Fyrirspurn - malbikun bílastæðis - tenging við borholu

11.11 2209067 - Umhverfis- og loftlagsstefna Suðurnesjabæjar

11.12 2211008 - Skálareykjavegur 12 - Umhirða lóðar og óleyfisbúseta

11.13 2206013 - Fjárhagsáætlun 2023-2026

11.14 2212006 - Framkvæmdir-Fráveita-Útrásir og hreinsistöð Garði

11.15 1806440 - Framkvæmdir: Fráveita: Útrás og hreinsistöð við Norðurgarð

11.16 2202070 - Bræðraborgarland - þétting íbúðabyggðar - Fyrirspurn

**12. Ferða-, safna- og menningarráð - 20 - 2212004F**

Fundur dags. 15.12.2022.

*Til máls tóku: EJP og OKÁ.*

*Afgreiðsla:*

*Bæjarstjórn óskar húseigendum ljósahúss Suðurnesjabæjar að Hólagötu 13 í Sandgerði og jólahúss Suðurnesjabæjar að Heiðarbraut 8 í Garði til hamingju með viðurkenningarnar. Jafnframt óskar bæjarstjórn húseigendum að Dynhól 1 og Stafnesvegi 32 í Sandgerði til hamingju með sérstakar viðurkenningar fyrir jólaskreytingar.*

12.1 2201045 - Viðburðir og menningarmál 2022

12.2 2009041 - Menningarsjóður Suðurnesjabæjar

12.3 2212046 - Ferða-, safna- og menningarmál

**13. Fræðsluráð - 37 - 2212006F**

Fundur dags. 16.12.2022.

*Afgreiðsla:*

*Lagt fram.*

13.1 2201027 - Ytra mat Gefnarborg

13.2 2212037 - Tónlistarskólar

13.3 2212036 - Reglur um úthlutun fjármagns vegna sérkennslu og stoðþjónustu í leikskólum.

**14. Íþrótta- og tómstundaráð - 14 - 2212010F**

Fundur dags. 28. 12. 2022

*Til máls tóku: JM, EJP, ÚMG og AKG.*

*Afgreiðsla:*

*Samþykkt samhljóða að vísa máli 1 í fundargerðinni til umfjöllunar í bæjarráði.*

*Lagt fram.*

14.1 2209040 - Þátttaka barna í íþróttum - frístundabíll

14.2 2211124 - Tilnefningar til Íþróttamanns ársins 2022

14.3 2211124 - Kjör um íþróttamann ársins 2022

**15. Samband íslenskra sveitarfélaga-fundargerðir 2022 - 2201049**

916. fundur stjórnar dags. 14.12.2022.

*Afgreiðsla:*

*Lagt fram.*

**16. Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum fundargerðir 2022 - 2202096**

784. fundur stjórnar dags. 14.12.2022.

*Afgreiðsla:*

*Lagt fram.*

**17. Heilbrigðisnefnd Suðurnesja - fundargerðir 2022 - 2202039**

297. fundur dags. 15.12.2022.

*Afgreiðsla:*

*Lagt fram.*

**18. Brunavarnir Suðurnesja fundargerðir 2022 - 2202052**

69. fundur stjórnar dags. 15.12.2022.

*Afgreiðsla:*

*Lagt fram.*

Fundi slitið kl. 18:36.

| | |
|---|---|
| Einar Jón Pálsson | Magnús Sigfús Magnússon |
| Oddný Kristrún Ásgeirsdóttir | Anton Kristinn Guðmundsson |
| Úrsúla María Guðjónsdóttir | Jónína Magnúsdóttir |
| Laufey Erlendsdóttir | Sigursveinn Bjarni Jónsson |
| Elín Frímannsdóttir | Magnús Stefánsson |
| Bergný Jóna Sævarsdóttir | |